

Í dag, mánudaginn 2. mars, var opnað á miðannarmat hjá MH-ingnum ykkar sem eru **fædd 2009 eða seinna**. Niðurstöður birtast í upplýsingakerfi okkar *Innu*, undir Námið og einkunnir. Ástæða er til að taka fram að hér er ekki um að ræða hefðbundna einkunn eins og tíðkast í annarlök að undangengnum prófum. Miðannarmatið er byggt á liðlega 7 vikna kynnum. Kennarar eru því að meta ástundun nemanda áður en til lokaprófa kemur og leggja mat á hvernig nemandinn hefur unnið í hverjum áfanga hingað til. Umsögn er gefin í eftirfarandi bókstöfum: **G = góð(ur)**, **V = viðunandi og O = ófullnægjandi og þarf að bæta**. Hafa verður í huga að ekki meta allir kennarar alla þætti því vinnulag er mismunandi eftir áföngum. Upplýsingar þessar eru hugsaðar sem hvatning til nemenda sem hafa stundað námið vel það sem af er önninni eða sem vísbending um að nemandi þurfi að taka sig á áður en að prófum kemur. Við vonumst til þess að miðannarmatið verði umræðugrundvöllur milli ykkar og unglingsins um hvernig gengur að fóta sig á fyrstu tveimur önnunum í framhaldsskóla.

Val fyrir næstu önn hefst svo 5. mars og lýkur mánudaginn 16. mars. Nemendum býðst að hitta umsjónarkennara sína föstudaginn 13. mars í sérstökum valtíma. Á heimasíðunni eru tenglar í leiðbeiningar vegna vals og áfangaframboð næstu annar.

Bestu kveðjur, Guðmundur konrektor

Dear parents/guardians of students born 2009 or later.

This morning, March 2nd, students' midterm evaluations were opened on Inna. MH attempts to evaluate how well first-year students, born 2009 or later, are doing at school. We wish to stress the fact that teachers are **not** giving a grade of the kind students traditionally receive at the end of term after sitting final exams. The intention is rather to convey the teachers' impressions of how students have been working over the past 6 - 7 weeks. This information will hopefully have the effect of either encouraging those who have been working well or act as a warning to those who need to make changes in their work-habits before exams. The grades are: **G = good, V = acceptable, and O = unacceptable and needs improvement**. The midterm evaluations in on *Inna under Námið, Einkunnir*. We hope that this information proves useful to both you and your student.

Course selection for next semester starts on Thursday, March 5th, and ends Monday March 16th. Pre-IB students will select their subjects in life skills class. Other students will have the chance to meet with their supervisory teacher on Friday March 13th, to discuss their course selection.

Best regards, Guðmundur vice-principal.